

Nr. 22-060 S 042 Sif farþegaskip**Sigldi á hval**

Skipaskr.nr. 3002
Útgerð: Skútusiglingar ehf
Smíðaður: Noregur, 1986, trefjaplast.
Stærð: 45,0 BT
Mesta lengd: 18,31 m Skráð lengd: 15,82 m
Breidd: 4,08 m Dýpt: 2,00 m
Vél: Scanía, 750 kW, 2016.
Fjöldi skipverja: 2
Farþegar: 4



Sif©Rúnar Karlsson

Gögn:

Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 9. janúar 2023 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Hirti Emilssyni og Pálma K. Jónssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 8. ágúst 2022 var farþegaskipið Sif á siglingu áleiðis til Hesteyrar í Jökulfjörðum. Veður: S 7-8 m/s.

Eftir um hálf tíma siglingu frá Ísafirði urðu skipverjar varir við hval í nokkur hundraða metra fjarlægð á stjórnborða skipsins og nánast á sama tíma kom mikið högg undir það. Viðvörðun kom frá bakborðsvél og í ljós kom talsverður leki að vélarrúminu. Snúið var við og siglt á átta til níu sjómílna ferð til hafnar á stjórnborðsvélinni.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Tvær aðalvélar voru í skipinu með sameiginlegt vélarúm.
- Við höggið, sem kom á skipið, gekk sjóinntakið fyrir bakborðsvélina til og sjór fór að leka inn með því.
- Leiki hafði verið með bakborðs skrúfubétti í nokkrar vikur fyrir atvikið en sjálfvirka lensidælan hafði undan þeim leka.
- Stór lensidæla, sem var vélrífín á annari vélinni, var biluð og hafði verið það í nokkra mánuði. Í staðinn var laus brunndæla um borð sem var notuð þegar lekinn kom að skipinu og kom í veg fyrir að það sykki.



Myndin sýnir bakborðsskrúfubúnað. Rauða örin sýnir hvar skrúfan gerði gat á skrokkinn.

- Þegar skipið var híft upp á bryggju kom í ljós að skrúfuöxullinn fyrir bakborðsvélina hafði gengið eina 15 cm aftur og bognað. Upphengjan fyrir skrúfuöxullinn bognaði líka það mikið að skrúfan náði að gera gat á skrokkinn inn í stýrisvélarýmið. Töluverður sjór var kominn í stýrisvélarýmið. Stýrisblað við bakborðsskrúfunu var bogið og hafði gengið til en einnig hafði gírhúsið fyrir framdriftsgírinn á bakborðsvélinni brotnað þegar skrúfuöxullinn gekk aftur.
- Vegna heimsfaraldurs farsóttar framkvæmdi Samgöngustofa ekki vélaskoðun á skipinu þegar það var skráð á íslenska skipaskrá en vélaskoðun hjá norsku Siglingastofnunni (NMA), sem framkvæmd hafi verið 15. desember 2020, látin gilda.
- Ekki var rétt lögskráð á skipið.



Myndin sýnir gírinn fyrir bakborðsvél og skrúfuöxullinn genginn aftur.

Nefndarálit:

Orsök atviksins er líklega sú að skipið hafi rekist á hval.